

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa-Fjarðarál Reyðarfirði Reyðarfjörður



Dags eftirlits	31.5.2012	Fulltrúi UST	Ólafur Kristinn Tryggvason
Fyrirtæki	Alcoa-Fjarðarál Reyðarfirði	Fulltrúi UST	Kristín Linda Árnadóttir
Heimili	Hrauni 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5203034210	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Sveinsson Kröyer	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Geir Sigurpáll Hlöðversson og Dagný Björk Reynisdóttir	Staðsetning	729651,982 512054,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik frá starfsleyfi kom fram í eftirlitinu en ein athugasemd var gerð við að ekki var tilkynnt um ryk sem sem fór út um rjáfur frá hreinsun á kerum í kjölfar þess að óhapp varð í kerskála þann 8. mars sl.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst með eftirlitsferð um fyrirtækið þar sem farið var í kerskála, steypuskála með viðkomu við spennavirki, skautasmiðju og nýja kerbrostastöð sem verið er að taka í notkun. Ekki voru neinar aðfinnslur við þessa staði en passa mætti betur upp á að þekjur kera séu vel lokaðar.

Að eftirlitsferð lokinni var haldinn eftirlitsfundur þar sem rætt var um óhapp sem varð í kerskála í mars sl. þegar leki kom að keru, samskiptamál Alcoa við Umhverfisstofnun og gagnaskil til Umhverfisstofnunar.

Fram kom að stutt er í að niðurstöður vöktunarmælingar verði birtar á netinu.

Rekstraraðili skal útbúa áætlun um mælingar útblásturs, frárennslis og hljóðstigs frá álverinu. Þetta hefur rekstraraðili ekki gert en unnið skv. drögum í viðauka 2 í starfsleyfi. Hér er átt við að tekin sé saman áætlun sem tekur mið af grein 3.1 í starfsleyfi.

Í kjölfar lekans sem varð í mars sl. á rafgreiningarkeri var farið í umfangsmikla hreinsun á kerunum utanverðum þar sem ryk var farið að einangra kerskelina þannig að hún ofhitnaði og fór að leka. Þessi hreinsun varð til þess að óvenjulega mikið ryk barst upp í rjáfur skálanna og út. Í reglubundnum flúormælingum í ryki í rjáfri skálanna kom þetta greinilega fram í auknu flúor innihaldi ryksins.

Þetta aukna rykslepp var ekki tilkynnt til Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun barst tilkynning um þetta frá HAUST 13. apríl sl. sem hafði fengið kvörtun yfir rykinu frá vegfaranda sem átti leið framhjá Alcoa 19. mars sl. og sendi sá ljósmyndir af því til HAUST sem áframsendi þær á Umhverfisstofnun ásamt myndum sem teknar voru þann sama dag.

Hreinsun keranna stóð yfir 10. til 24. mars og á svipuðum tíma, 7. til 21. mars, fór fram sýnataka á ryki í rjáfri kerskálanna.

Umhverfisstofnun barst bréf frá Alcoa 24 maí sl. þar sem tilkynnt var um hátt flúorinnihald í ryki frá áður nefndum sýnatökum á tímabilinu mars - apríl 2012 og leiðrétting gagna í kjölfar þess. Bréf varðandi þessa tilkynningu verður sent Alcoa.

Grænu bókhaldi var skilað inn 30. apríl 2012 og útstreymisbókhaldi 12. mars 2012 og búið að fara yfir þau. Ársfjórðungsskýrslum frá síðasta ári var skilað 9.6.2011, 14.9.2011, 1.12. 2011 og 28.2.2012, þ.e. fyrir lok næsta ársfjórðung á eftir og þær yfirfarnar. Niðurstöður voru innan marka starfsleyfis sem eru fyrir flúor, mánaðarmeðaltal 0,8 kgF/t ál og ársmeðaltal 0,35 kgF/t ál, fyrir ryk, mánaðarmeðaltal 1,3 kg/t ál og ársmeðaltal 1,0 kg/t ál og fyrir brennisteinssambönd, mánaðarmeðaltal 18,5 kg/t ál og ársmeðaltal 18 kgF/t ál. Ársskýrsla var send 30. apríl sl. og hún yfirfarin.

Baðefni sem fellur til hjá fyrirtækinu flokkast sem framleiðsla þar sem það er allt selt til annara álvera og það heyrir undir REACH.

Fyrirtækið var með opinn kynningarfund í mars sl.

Að lokum var haldinn samráðsfundur með Alcoa, Umhverfisstofnun og HAUST þar sem einnig var farið yfir ýmis mál er varða eftirlit. Sérstök fundargerð er rituð um fundinn.

ATHUGASEMDIR

Ein athugasemd var gerð í eftirlitinu. Ekki var tilkynnt um ryk sem sem fór út um rjáfur frá hreinsun á kerum í kjölfar þess að óhapp varð í kerskála þann 8. mars sl.

Reykjavík, 29.08.2012



Ólafur Kristinn Tryggvason

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.